

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 275/1990. **Tryggingastofnun ríkisins**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

**Arndísi Björnsdóttur**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Mæðralaun. Sambúð. Endurkrafa. Lögheimili. Aðsetursskipti. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ólöf Pétursdóttir dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1990 og krefst þess, að stefndu verði gert að endurgreiða sér mæðralaun, að fjárhæð 188.063 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

### I.

Stefnda og Pétur Einarsson fengu lögskilnað 9. ágúst 1982. Í ódagsettri skýrslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Hagstofu Íslands um þennan lögskilnað kemur fram, að aðsetur stefndu eftir skilnaðinn verði að Ásvallagötu 52, Reykjavík, þar sem áður var sameiginlegt aðsetur þeirra. Þar kemur og fram, að stefnda fékk forsjá fjögurra barna hjónanna. Í skýrslunni greinir ekki frá aðsetri Péturs Einarssonar. Fyrir liggur, að engin tilkynning var send Hagstofu Íslands um breytingu á lögheimili hans fyrr en með tilkynningu stefndu 30. nóvember 1988. Þar er Pétur Einarsson sagður hafa flutt aðsetur sitt 30. nóvember 1982 í húsnæði Flugmálastjórnar á Reykjavíkflugvelli. Á skattframtölum Péturs Einarssonar fyrir árin 1987, 1988 og 1989 er lögheimili hans tilgreint Ásvallagata 52.

Af hálfu áfrýjanda hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Hagstofu Íslands til ríkislögmans 10. maí 1993 vegna fyrirspurnar hans 11. júní 1991 um skráningu Hagstofunnar á sambúð stefndu og Péturs Einarssonar. Í bréfi Hagstofu Íslands segir meðal annars:

„Vegna þessa skal upplýst, að engin skrifleg gögn um þessa skráningu hafa komið fram á Hagstofunni. Benda má á, að á því tímabil, sem hér um ræðir, var algengt, að fólk væri skráð í sambúð eftir öðrum heimildum en beinum tilkynningum þess. Helstu heimildir af þessu tagi voru fæðingarskýrslur og aðseturstilkynningar þeim tengdar og gögn opinberra stjórnvalda eða upplýsingar frá þeim. Sérstaklega má benda á, að algengt var, að fyrrverandi hjón væru skráð í sambúð, ef lögheimili þeirra hélst óbreytt eftir lögskilnað eða ef lögheimili varð aftur hið sama og verið hafði fyrir lögskilnað. Skráningar af þessu tagi voru unnar á grundvelli upplýsinga opinberra aðila, oftast skattstofa. Ekki verður fullyrt, eftir hvaða heimild sambúðarskráning Péturs Einarssonar og Arndísar Björnsdóttur var unnin, en samkvæmt heimildarmerkingu þessarar færslu í tölvukerfi þjóðskrár hefur breytingin verið byggð á upplýsingum frá opinberum aðila. Í þessu sambandi má hafa í huga, að þegar þessi sambúðarskráning var gerð í apríl 1987, voru liðin tæp fimm ár, frá því að hjónin fengu lögskilnað, án þess að annað hvort þeirra flyttist frá Ásvallagötu 52.“

Í framangreindu bréfi Hagstofu Íslands er gerð grein fyrir því, að ákveðið hafi verið að hafa að engu framangreinda tilkynningu stefndu frá 30. nóvember 1988 um aðsetursskipti Péturs Einarssonar og skrá lögheimili hans áfram að Ásvallagötu 52. Hins vegar hafi verið afraðið að fella niður sambúðarskráningu stefndu og Péturs miðað við gildistökudag nýrrar íbúaskrár 1. desember 1988. Í niðurlagi bréfsins segir, að sú ákvörðun hafi „ekki verið ígrunduð sem skyldi“.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Flugmálastjórnar frá 13. maí 1993, þar sem fram kemur, að fyrir tímabilið frá 1. maí 1987 til 1. júní 1988 hafi stofnunin greitt afnotagjald af síma, sem skráður var að Ásvallagötu 52 í Reykjavík.

Þá kemur fram í skattframtölum Péturs Einarssonar 1987 og 1988, að hann hefur fengið greiddan ökutækjastyrk vegna bifreiðar

stefndu, sem hann kvaðst hafa haft umráðarétt yfir samkvæmt sérstöku samkomulagi við hana.

### III.

Samkvæmt gögnum málsins var lögheimili Péturs Einarssonar enn skráð að Ásvallagötu 52, þegar stefndu var 22. apríl 1985 úrskurðaður réttur til mæðralauna frá 1. september 1984. Voru þá liðin tvö ár og átta mánuðir frá lögskilnaði þeirra. Ákvörðun um að fella niður greiðslur mæðralauna til stefndu frá 1. júní 1988 byggði áfrýjandi á því, að þá hafi verið búið að staðreyna sambúð hennar og Péturs Einarssonar. Hafi það gerst, er Hagstofa Íslands skráði þau í sambúð frá 30. apríl 1987. Tekur endurgreiðslukrafa áfrýjanda til 13 mánaða, frá 30. apríl 1987 til 1. júní 1988.

Áfrýjanda hefur ekki tekist að sýna fram á gildar ástæður fyrir þessari sambúðarskráningu Hagstofu Íslands, enda hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir því af hálfu stofnunarinnar, á hverju hún byggdist. Skráning þessi var og felld niður 1. desember 1988, þótt lögheimilisskráning Péturs Einarssonar væri þá látin standa óbreytt.

Áfrýjanda mátti vera ljóst, þegar ákveðið var að greiða stefndu mæðralaun, að hún og fyrrverandi eiginmaður hennar voru þá skráð á sama lögheimili og að svo hafði verið frá lögskilnaði þeirra. Forsendur fyrir þeirri ákvörðun höfðu því ekki breyst að þessu leyti, er greiðslum var hætt tveim árum síðar.

Þótt óbreytt lögheimili hjóna til frambúðar eftir skilnað kunní að jafnaði að vera til marks um, að sambúð þeirra haldist, verður ekki að óathuguðu máli fullyrt, að því geti ekki í einstökum tilvikum verið á annan veg háttað.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, eru ekki næg efni til að fallast á það með áfrýjanda, að skráð lögheimili Péturs Einarssonar að Ásvallagötu 52 á umræddu tímabili jafngildi því, að hann og stefnda hafi þá verið í sambúð. Önnur atriði, sem áfrýjandi hefur fært fram því til styrktar og áður var greint frá, verða ekki heldur talin nægja til sönnunar í því efni. Þegar af þessari ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefndu.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

## D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu, Arndísi Björnsdóttur, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

## S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Hrafns Bragasonar og Péturs Kr. Hafstein.**

Við erum samþykkir lýsingu málsatvika í I. og II. kafla dóm-  
atkvæðis meiri hluta dómenda.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1952 um tilkynningar  
aðsetursskipta bar stefndu að tilkynna brottför Péturs Einarssonar  
úr húsnæði hennar, en hún andmælir því, að hann hafi haft þar  
aðsetur eftir 30. nóvember 1982. Það gerði hún ekki fyrr en 30.  
nóvember 1988, eftir að greiðslu mæðralauna var hætt og áfrýjandi  
hafði sett fram endurgreiðslukröfu sína. Af hálfu Péturs Einarssonar  
var ekki heldur tilkynnt um aðsetursskipti á þessum tíma.  
Fyrir héraðsdómi gaf hann engar viðhlítandi skýringar á því né  
upplýsingar um annað aðsetur.

Samkvæmt 7. tl. 4. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almanna-  
skráningu byggist skráning manna meðal annars á þeim upplýs-  
ingum, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni  
berast á einn eða annan hátt. Hagstofu Íslands var rétt að skrá  
stefndu og Pétur Einarsson í sambúð með þeim hætti, sem gert var,  
sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. þágildandi laga um lögheimili  
nr. 35/1960, sbr. og 1. mgr. 12. gr. laganna. Í málinu hefur ekki  
verið í ljós leitt, að sú skráning hafi verið röng.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja nægjanlega fram  
komið, að stefnda og Pétur Einarsson hafi haft samstöðu sam-  
búðarfólks á því tímabili, sem hér skiptir máli. Ber því að taka  
kröfur áfrýjanda til greina, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 67/1971  
um almannatryggingar, en fjárhæðir hafa eigi sætt andmælum.  
Hins vegar þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir Hæsta-  
rétti falla niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1990.**

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu  
með stefnu, birtri 14. júní 1989, af Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-

2669, Laugavegi 114, Reykjavík, gegn Arndísi Björnsdóttur, kt. 260845-4119, Ásvallagötu 52, Reykjavík.

*Dómkröfur.*

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til endurgreiðslu mæðralauna, að fjárhæð 188.063 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1988 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1989. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður.

*Málsástæður og lagarök.*

Málsástæður stefnanda eru þær, að 10. apríl 1987 hafi stefnda sótt um greiðslu mæðralauna frá stefnanda. Í umsókn sinni hafi hún sagst vera fráskilin og hafa á framfæri fjögur börn innan átján ára aldurs. Stefnandi hafi síðan greitt stefndu mánaðarlega mæðralaun, þar til þær greiðslur voru stöðvaðar, þegar sannreynt hafi verið, að hún væri í sambúð með fyrrverandi eiginmanni og barnsföður sínum.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands hófst sambúðin 30. apríl 1987. Stefnandi hafi því ofgreitt mæðralaun til stefndu í þrettán mánuði og hafi þegar hafist handa um að innheimta hinar ofgreiddu fjárhæðir.

Stefnandi hafi sent stefndu tvö innheimtubréf, dags. 10. júní 1988 og 14. október 1988, sem hún hafi í engu sinnt.

*Stefnukrafan sundurliðist þannig:*

Greidd mæðralaun í maí 1987 13.146 kr., í júní, júlí, ágúst og september 1987 13.521 kr. á mánuði, í október, nóvember og desember 1987 14.499 kr. á mánuði, í janúar 1988 15.224 kr., í febrúar, mars, apríl og maí 1988 15.528 kr., á mánuði, samtals 188.063 kr.

Endurgreiðslukröfuna styður stefnandi við 1. mgr. 58. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 15. og 52. gr. sömu laga. Stefnandi styðst einnig við dóm Hæstaréttar Íslands frá árinu 1983, bls. 224, sem að mati stefnanda hafi fordæmisgildi og sé réttarheimild í máli þessu.

Málsástæður stefndu eru þær, að stefnandi styðjist við rangt sambúðarvottorð frá Hagstofu Íslands. Af fram lögðum gögnum málsins sjáist, að umrætt vottorð stangist á við staðreyndir, og samkvæmt því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

*Niðurstaða.*

Kröfu sína um endurgreiðslu mæðralauna reisir stefnandi á því, að stefnda hafi verið í sambúð með fyrrverandi eiginmanni sínum þann tíma, sem um

ræðir í máli þessu, þ. e. frá maí 1987 til maí 1988, og styðst þar við vottorð Hagstofu Íslands, dags. 15. júní 1989, að Arndís Björnsdóttir og Pétur Einarsson hafi samkvæmt heimildum þjóðskrár verið skráð í sambúð tímabilið 30. apríl 1987 til 1. desember 1988.

Upplýst er, að stefnda og fyrrverandi eiginmaður hennar, Pétur Einarsson, fengu lögskilnað á árinu 1982.

Stefnda kom fyrir dóminn og bar, að hún og fyrrverandi eiginmaður sinn hefðu ekki búið saman þann tíma, sem um ræðir í máli þessu, þ. e. frá maí 1987 til og með maí 1988.

Pétur Einarsson kom einnig fyrir dóminn og upplýsti, að stefnda og hann hefðu ekki búið saman frá árinu 1982 til ársins 1988. Hann hefði ekki breytt lögheimili sínu eftir lögskilnað og ástæðan verið sú, að hann hefði búið á ýmsum stöðum og mjög stutt í einu á hverjum stað, svo að það hefði aldrei komist í verk. Þrátt fyrir það að hann hefði átt lögheimili að Ásvallagötu 52, Reykjavík, hefði hann ekki búið þar fyrrgreint tímabil.

Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár, kom fyrir dóm. Hann upplýsti, að á Hagstofu Íslands væru haldnar svonefndar breytingaskrár, sem sýna ættu heimildir að baki hverri gerð. Þegar umrædd sambúð hefði verið skráð 30. apríl 1987, hefði verið notuð heimild, sem kölluð er 08 og almennt nái yfir skráningu með hliðsjón af gögnum frá skattfyrirvöldum skv. beinni lagaheimild, og sé þá oft um að ræða afrit af skattframtölum, sem flutningur sé byggður á. Hann kvaðst hafa kannað þessa umræddu skráningu, en kvaðst ekki geta svarað því, hvort um slíkt væri að ræða í þessu tilviki, þar sem skattframtal hefði ekki fundist. Ekki gat hann upplýst um aðrar heimildir, er skráning þessi kynni að byggjast á.

Þegar virtur er framburður Skúla Guðmundssonar, verður að telja, að sönnunargildi fram lagðs sambúðarvottorðs Hagstofu Íslands hafi verið hnekkt, og með hliðsjón af framburði Péturs Einarssonar svo og andmælum stefndu verður að telja ósannað, að stefnda og fyrrverandi eiginmaður hennar hafi verið í sambúð á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 62.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda, Arndís Björnsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggingastofnunar ríkisins.

Stefnandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu 62.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.